

7. fundur stjórnar umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 2. maí 2025 kl. 11:30 hjá Maríu Heiðdal Þorragötu 7, Reykjavík.

Fundargerð: Mættar voru úr stjórn umdæmisins: María V. Heiðdal, umdæmisstjóri, Vigdís Jónsdóttir umdæmisritari, fráfarandi umdæmisstjóri Sigríður Guðmundsdóttir og viðtakandi umdæmisstjóri (2025-2026) Sigurbjörg Magnúsdóttir, IW Kópavogi.

Stjórnin undirbjó gjafapoka fyrir umdæmisþingið.

Eftirfarandi kom fram:

Endurskoðendur reikninganna verða Sissel og Edda Magnúsdóttir og verður reikningum lokað 30. júní. Nýtt starfsár umdæmisins hefst 1. júlí 2025.

Áréttað var að ferðasjóðinn á einungis að nota til að styrkja umdæmið til að taka þátt í viðburðum á vegum IW erlendis.

Þegar félagskona fellur frá væri gott að aðstandendur skiluðu nælum til klúbbsins.

Blöð til að skrifa á verða við hvert borð á þinginu og Sigríður útvegar 15 penna til viðbótar.

Forsetar klúbbanna fá fjölnotapoka á umdæmisþinginu.

Ákveðið var að senda endurskoðaða reikninga umdæmisins á alla forseta og gjaldkera allra klúbbanna.

María bauð í hádegismat ljúffenga pasta/túnfisk böku og síðan var fundi slitið kl. 14.

